

# FUNDARGERÐ

## 587. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, miðvikudaginn 17. apríl, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Þorgerður Hlín Gísladóttir, Þórey R. Úlfarsdóttir og Páll Tómasson.

Að auki sátu fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu, George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi að hluta og Bergný Ösp Sigurðardóttir að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins.

III – 8. Íbúafundur í Vík í maí 2019

*Afbrigðin samþykkt samhljóða*

Oddviti óskar bókað:

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fundar nú í fyrsta skiptið í húsakynnum Kötluseturs að Víkurbraut 28 í Vík. Sveitarstjórn þakkar starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir að standa vel að flutningnum sem og forstöðumanni Kötluseturs fyrir vel unnin störf við að koma upp fundaraðstöðu.

Sveitarstjórn vill einnig óska Fjörulöllunum til hamingju með að hafa hlotið landgræðsluverðlaun á aðalfundi Landgræðslu ríkisins og þakkar þeim vel unnin störf í þágu samfélagsins.

Aðrir sveitarstjórnarmenn tóku undir bókunina.

**Þetta var tekið fyrir:**

### 1. Verkefni sveitarstjóra

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

### 2. Fundargerð menningarmálanefndar Mýrdalshrepps

Lögð fram til kynningar fundargerð 6. fundar menningarmálanefndar Mýrdalshrepps frá 11. apríl 2019.

### 3. Fundargerð umhverfisnefndar Mýrdalshrepps

Lögð fram fundargerð 17. fundar umhverfisnefndar Mýrdalshrepps frá 1. apríl 2019.

Í 4. tölulið fundargerðarinnar er skorað á sveitarstjórn að fjölga bekkjum og borðum í sveitarfélaginu.

*Sveitarstjórn tekur vel í áskorunina og felur sveitarstjóra í samvinnu við skipulags- og byggingarfulltrúa að skoða hvað kostir séu vænlegir.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

#### 4. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps

George Frumuselu, skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Lögð fram fundargerð 266. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 12. apríl 2019.

Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

4.1. Péturshólar – Breyting á deiliskipulagi

Nefndin leggur til að fengin verði umsögn frá Vegagerðinni og að kallað verði eftir umsögn frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu áður en lengra verður haldið.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

4.2. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga

Nefndin samþykkir tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar vegna samræmingar við gildandi aðalskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

4.3. Skeiðflöt – Deiliskipulagstillaga

Nefndin samþykkir tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar vegna samræmingar við gildandi aðalskipulag.

*Sveitarstjórn hafnar framkominni tillögu að deiliskipulagi og fer þess á leit við eigendur jarðarinnar Skeiðflatar að deiliskipulag verði minnkað til samræmis við gildandi aðalskipulag.*

4.4. Sunnubraut 22 – Umsókn um stöðuleyfi

Nefndin samþykkir umsókn Holly Keyser um stöðuleyfi fyrir söluvagn og felur skipulagsfulltrúa að undirbúa lóðina fyrir matartorg.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

4.5. Sléttuvegur 2, 2a – Kynning á endurupptöku máls.

Nefndin samþykkir að gefa lóðarhafa frest til 10. maí 2019 til að skila inn teikningum þar sem brugðist er við tilmælum frá fundi 24. apríl 2018.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar . Með því er ákvörðun sveitarstjórnar frá fundi sínum 21. febrúar 2019 um innköllun lóðanna jafnframt afturkölluð.*

4.6. Víkurbraut 8 – Breyting á útliti húsnæðis

Nefndin samþykkir franskt útlit nýrra glugga fyrir félagsheimilið Leikskála og að á austurstafni hússins verði þrír gluggar. Samþykkt er að tillagan verði sett í grenndarkynningu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

4.7. Víkurbraut 26 – Umsókn um byggingarleyfi

Nefndin samþykkti að umsókn um breytingu og endurnýjun á klæðningu frá Jóni Ómari Finnssyni f.h. Puffin Hotel Vík ehf. verði sett í grenndarkynningu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

#### **5. Beiðni um umsögn vegna Hvammbóls**

Fram var lögð beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 1. apríl 2019, um umsögn vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi frá Ólafi Ögmundssyni, vegna Hvammbóls f.nr. 218.7979.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.*

#### **6. Beiðni um umsögn vegna Strandarinnar**

Fram var lögð beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 12. apríl 2019, um umsögn vegna umsóknar um tímabundið tækifærisleyfi á Ströndinni frá E. Guðmundsson ehf.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.*

#### **7. Vistunarreglur leikskólans Mánalands**

Bergný Ösp Sigurðardóttir leikskólastjóri sat fundinn undir þessum lið.

Fram voru lögð drög að nýjum vistunarreglum fyrir Leikskólann Mánaland.

*Sveitarstjórn samþykkir drög að nýjum vistunarreglum fyrir leikskólann Mánaland og felur sveitarstjóra að kynna þær.*

#### **8. Breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps**

Tillaga um breytingu á 40. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps tekin til seinni umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að senda nýja samþykkt til staðfestingar ráðherra.*

#### **9. Viðtalstími sveitarstjórnarmanna**

Fram var lögð til kynningar samantekt um viðtalstíma sveitarstjórnarmanna.

Ragnhildur H. Jónsdóttir mætti til viðtals og ræddi um umsögn sveitarstjórnar við umsókn um rekstrarleyfi fyrir Víkurbraut 32 sem tekin var fyrir á fundi sveitarstjórnar 21. mars sl.

#### **10. Gestastofa Kötlu jarðvangs**

Fram var lögð til kynningar saman Fram var lögð til kynningar samantekt um gestastofu Kötlu jarðvangs á Þorvaldseyri.

#### **11. Fundargerð stjórnar Kötlu jarðvangs og kynning á gestastofu Kötlu jarðvangs**

Fram var lögð fundargerð 46. fundar Kötlu jarðvangs, haldinn 8. mars 2019.

Í 2. tölulið fundargerðar er sagt frá áformum um opnun gestastofu jarðvangsins á Þorvaldseyri.

*Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar því að opnuð verði gestastofa á Þorvaldseyri en beinir því til stjórnar jarðvangsins að mikilvægt sé að rekstur gestastofunnar verði gerður sjálfbær.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

#### **12. Viðauki við fjárhagsáætlun**

Fram var lögð tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2019. Í tillögunni er lagt til að eftirtaldir liðir verði fjármagnaðir með handbæru fé:

- 12.1. Umferðaröryggisúttekt í Mýrdalshrepp að upphæð 300.000- kr.  
*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*
- 12.2. Ferðakostnaðar skólastjóra Víkurskóla vegna ráðstefnu að upphæð 104.125- kr.  
EFE vikur af fundi undir þessum lið og felur varaoddvita stjórn fundarins.  
*Sveitarstjórn*  
EFE tekur aftur sæti á fundinum.
- 12.3. Námskeiðs- og skólagjöld vegna starfsmanna Víkurskóla að upphæð 300.000- kr.  
*Sveitarstjórn*
- 12.4. Ráðning umsjónarmanns félagsheimilisins Leikskála í 50% starf frá 1. maí að upphæð 1.700.000- kr.  
*Sveitarstjórn*
- 12.5. Námskeiðs- og skólagjöld vegna starfsmanna skrifstofu Mýrdalshrepps að upphæð 130.000- kr.  
*Sveitarstjórn*
- 12.6. Framlag til Kötlu jarðvangs vegna opunar gestastofu jarðvangsins að upphæð 1.700.000- kr.  
*Sveitarstjórn*

### **13. Samfélagsleg áföll – Viðbragðsáætlun**

Fram voru lögð lokadrög að viðbragðsáætluninni „Samfélagsleg áföll – Langtímaviðbrögð Mýrdalshrepps“ sem unnin var af embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi og Mýrdalshreppi.  
*Sveitarstjórn samþykkir drögin.*

### **14. Nefndarskipan**

Fram var lögð tillaga um breytingar á nefndarskipan í umhverfisnefnd og mennigarnefnd Mýrdalshrepps.

Samkvæmt tillögunni eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Kolbrún Magga Matthíasdóttir tekur sæti sem aðalmaður í menningarmálanefnd í stað Þórdísar Ólafsdóttur og er jafnframt skipuð formaður nefndarinnar.

Þórey R. Úlfarsdóttir tekur sæti sem aðalmaður í menningarmálanefnd í stað Guðrúnar Sigurðardóttur.

Anna Jónsdóttir tekur sæti sem aðalmaður í menningarmálanefnd í stað Viðars Jónssonar. Viðar Jónsson tekur sæti sem varamaður í umhverfisnefnd í stað Önnu Jónsdóttur.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

### **15. Vaxtarsvæðið Vík**

Fram var lögð tillaga oddvita að erindi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem þess er farið á leit að komið verði á samráðsteymi um vaxtarsvæðið Vík í Mýrdal eins og lagt er til fyrir ákveðin svæði í þingsályktun um byggðáætlun.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að senda það til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.*

#### **16. Íbúafundur í Vík í maí 2019**

Fram var lögð tillaga oddvita um að haldinn verði opinn fundur sveitarstjórnar með íbúum Mýrdalshrepps miðvikudaginn 22. maí 2019. Á fundinum hafi framsögu sveitarstjóri og skipulags- og byggingarfulltrúi og sveitarstjórn mun sitja fyrir svörum.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

#### **17. Fundargerð Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu**

Fram var lögð fundargerð 38. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 26. mars 2019.

Í 1. tölulið fundargerðarinnar er óskað eftir staðfestingu sveitarstjórna sem aðild eiga að byggðasamlaginu um að byggðasamlaginu verði breytt á þann hátt að innan þess starfi tvær stofnanir, enda er ljóst af tilboðum að í því felist hagræðingarmöguleikar.

*Sveitarstjórn Mýrdalshrepps staðfestir fyrir sitt leyti tillögu stjórnar byggðasamlagsins. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **18. Fundargerðir til kynningar**

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 195. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 10. apríl 2019.

Fundargerð 66. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 11. apríl 2019.

**Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. XX:XX**

---

Einar Freyr Elínarson, oddviti

---

Ingi Már Björnsson

---

Drífa Bjarnadóttir

---

Pórey R. Úlfarsdóttir

---

Páll Tómasson